

Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytið
Ingimar Jóhannsson
Skúlagata 4
150 REYKJAVÍK
Iceland

Reykjavík, 01. október 2010
2010070001/42-9
TB
jgo/tb

Innflutningur á sæbjúga

Vísað er til bréfs frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, dags. 23. september sl. (mótttekið 29. september sl.) þar sem rakið er mál er barst Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir á árinu með bréfi dagsettu 29. júní sl. Málið varðar innflutning á sæbjúga, *Stichopus japonicus*, en það fellur undir framandi tegund sbr. 41. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og þá skal einnig leita umsagnar hjá stofnuninni, sbr. 5. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra, áður en veitt er leyfi fyrir innflutningi. Í bréfi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins er rakin forsaga málsins að hluta en alls ekki öll. Í ljós kemur að framangreind tegund hefur verið flutt til landsins án þess að álit umsagnaraðila hafi legið fyrir og niðurstaða ráðuneytisins eru sú að málinu sé lokið af hálfu þess með vísan í svarbréf frá Matvælastofnun.


Í meðfylgjandi gögnum með bréfi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu dagsettu 23. september sl. er að finna tölvupóst frá starfsmanni Matvælastofnunar, dýralækni fisksjúkdóma, með fáheyrðum aðdróttunum um Náttúrufræðistofnun og rangfærslum um feril málsins. Einnig eru þar gögn sem aldrei hafa verið send Náttúrufræðistofnun en eru hluti af málinu. Sum þessara gagna er meira að segja dagsett eftir að Náttúrufræðistofnun barst erindið fyrst 29. júní sl. en þá var erindið enn til umsagnar, en óskað hafði verið eftir að umsöng yrði skilað fyrir 14. júlí sl. Um er að ræða m.a. umsögn Fisksjúkdómanefndar til Matvælastofnunar frá 1. júlí 2010 og jafnframt leyfi Matvælastofnunar til innflutnings á sæbjúga dagsettu sama dag. Þessi tvö bréf er undirrituð af sitt hvorum starfsmanni Matvælastofnunar sem heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur framangreind vinnubrögð á engan hátt viðunandi stjórnsýslulega og auk þess vantar algjörlega umsagnir þeirra sem fara með vistfræðipætti málsins sem ekki er hlutverk Fisksjúkdómanefndar. Einnig varðar enn áhættumat. Við skoðun málsins af sérfræðingi hjá Náttúrufræðistofnun sem m.a. hefur tekið þátt í BioIce verkefninu kemur í ljós að aðstæður hér við land, einkum undan Suður- og Vesturlandi, eru svipaðar því sem Kyrrahafstegundin *Stichopus japonicus* kemur upprunalega frá þar sem hún lifir á 0-30 m dýpi, við 5-15°C sjávarhita.




Náttúrufræðistofnun mun senda afrit af þessu bréfi m.a. til umhverfisráðherra þar sem óskað verður eftir því að hún taki þetta mál upp við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra vegna augljósra og óviðunandi galla sem eru á málinu öllu.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Afrit: Umhverfisráðherra Svandís Svavarsdóttir, sjávarútveg- og landbúnaðarráðherra Jón Bjarnason, Sérfræðinganefnd um framandi tegundir, Jón Gíslason forstjóri Matvælastofnunar, Jóhann Sigurjónsson forstjóri Hafransóknatofnunarinnar, Fisksjúkdómanefnd

